

Reglugerð um breytingu á reglugerð um rafrænar þinglýsingar, nr. 360/2019.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. málsl. 2. tölul. orðast svo: Texti sem er vistaður á gagnaformi fyrir vélræna vinnslu samkvæmt tæknilyngu og hefur að geyma upplýsingar um meginatriði skjals sem ætlað er að þinglýsa.
- b. Í stað orðanna "Vefgátt" í 3. tölul. kemur: Vefþjónustur (e. Web Service).

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

Orðin "nafn og" í 2. og 3. tölul. falla brott.

3. gr.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

4. Lausafjárnám um skjöl, er varða lausafé almennt, þ. á m. skip, sem eru ekki skrásetningarskyld.

4. gr.

Á eftir 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Þinglýsingagátt tekur ekki við rafrænum færslum til þinglýsingar ef tenging við opinberar skrár liggur niðri. Við þær aðstæður er færslan ekki dagbókarfærð.

5. gr.

1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Þinglýsingarbeiðandi tengist þinglýsingagátt með rafrænni auðkenningu. Þinglýsingarbeiðandi útbýr rafræna færslu, á því sniði sem tæknilyng mælir fyrir um hverju sinni, sem inniheldur meginatriði skjals ásamt öðrum samningsákvæðum. Færslan skal undirrituð með fullgildum rafrænum skilríkjum og rafrænt innsigluð áður en hún er send í þinglýsingagáttina.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 5. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 30. júní 2021.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Haukur Guðmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.